# SÚM 1965/1972

## Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Undanfarnar vikur hefur staðið yfir að Kjarvalsstöðum, og í allri byggingunni, sýning á verkum listhópsins SÚM, sem telst hafa starfað á árunum 1965—1972.

Þetta voru mikil umbrotaár í mörgum skilningi, hvað myndlistir og félagsmál myndlistarmanna snerti, og eiga þeir súmmarar hér sinn ákveðna þátt, og því hefur menningarmálanefnd Reykjavíkurborgar þótt við hæfi að stofna til þessarar kynningar.

Og vissulega er hér rétt hugsað, en kannski hefði verið rökréttara að taka Septembersýningarnar fyrst fyrir, ásamt þeim hræringum, sem voru undanfari þeirra, því að þær ollu gífurlegum þáttaskilum í íslenzkri list, svo sem flestum mun kunnugt.

En einhvern veginn voru (og eru) þeir Septembermenn ekki eins afmælaglaðir og súmmarar, sem eru það í betra lagi og hófu strax að halda upp á tímamótin eftir þriggja ára áfangann, ef ég man rétt. Og að sjálfsögðu má hver og einn halda upp á tímamót í lífi sínu, svo sem hann vill og jafnvel með þátttöku alþjóðar, ef svo ber undir.

Ég minnist þessa m.a. vegna þess, að er aldarfjórðungur var liðinn frá fyrstu Septembersýningunni, skrifaði ég tvær opnur hér í blaðið í því tilefni og hugðist skrifa þá þriðju og reyna að hafa myndir frá fyrstu sýningunni í lit í Lesbók. En það strandaði á því, að þrátt fyrir að viðkomandi væru þakklátir fyrir athyglina, er beindist að þeim, þóttust fæstir eiga myndir frá fyrstu sýningunni, þær voru seldar, týndar eða jafnvel hafði verið málað yfir þær — og lítinn áhuga höfðu viðkomandi á því að setja upp sýningu í tilefni tímamótanna þrátt fyrir áskorun mína og annarra.

Eftir á að hyggja má jafnvel telja, að ákvörðun þeirra hafi ekki verið óviturleg, því að fjarlægðin gerir fjöllin blá eins og sagt er, og kannski hefðu þessar fyrstu þreifingar ekki fullkomlega staðist kröfur og væntingar seinni tíma, er menn voru farnir að líta slíka list öðrum augum og umburðarlyndari.

Sýningar á tímamótaviðburðum geta stundum líkst því að vekja upp gamlan draug og verk, sem voru ný og fersk, er þau komu fyrst fram og ollu hatrömmum deilum, geta virkað svo gömul og lúin að nokkrum áratugum liðnum. Það er nefnilega ekki mögulegt að flytja tímana og andrúmið í kringum sköpun listaverkanna yfir á seinni tíma, með almennum sýningum, heldur eingöngu með því að skírskota rækilega til þess, sem var samtímis að gerast í listinni og þjóðfélaginu í víðu samhengi. En menn mega í þessu sambandi ekki gleyma því, að Septembermenn tvístruðust aldrei á líkan hátt og súmmarar — þeir héldu áfram að vinna saman og mynduðu kjarnan í kringum Haustsýningarnar allt frá árinu 1952, er þeir komust í meirihluta innan FÍM og tóku að sýna á árlegum Haustsýningum félagsins. Síðasta Septembersýningin var einmitt haldin það árið. Þessum völdum og í raun einokunaraðstöðu héldu þeir í nær tvo áratugi, en mynduðu svo sín eigin sýningarsamtök „Septem", er þeir komust í minnihluta innan FÍM, og þau samtök eru enn starfandi, að ég best veit, þó driffjöðurinn Valtýr Pétursson sé fallinn frá auk lykilmanna eins og Sigurjóns Ólafssonar og Þorvaldar Skúlasonar.

Auðvitað hefur verið nokkur samvinna á milli meðlima Súm-hópsins innbyrðis og einnig á sýningavettvangi í hinni ýmsu mynd eftir að hann leystist upp, og þá einkum á erlendum vettvangi, en ekki á jafn nánum grundvelli, enda sumir sestir að í útlandinu fyrir fullt og allt og hafa samlagast öðru umhverfi þótt þeir hafi samband við gamla landið. Ekki er ég endilega að halda því fram, að þessi sýning virki gömul og lúin svona almennt séð, en hversu fersk hún virkar á núkynslóðina veit ég ekki með vissu. Á mig persónulega virkuðu viðhorfin aldrei ný og fersk, þó óneitanlega væri mikið nýjabrum af mörgum tiltektunum hér á heimaslóðum. Ég var einfaldlega of vel inni í núlistum til að hlutirnir kæmu mér á óvart en fylgdist þó af óskiptum áhuga með framvindu mála hjá þeim félögum, en myndverkin tengdust í fæstum tilvikum í þeim mæli íslenskum vettvangi, að þær rumskuðu við mér. Hins vegar voru hér sagðar fréttir af mörgu, sem var að gerast í útlöndum og menn tóku fyrirhafnarlaust upp niðurstöður annarra. Niðurstöður, sem höfðu lengi verið að þróast í allt öðru umhverfi og við allt aðrar aðstæður. Það fær mig enginn ofan af því, að sú núlist er sönnust, sem sprettur upp úr því umhverfi, sem viðkomandi listamaður hrærist í, og er öðru fremur spegilmynd þess. Og eftir því sem ég hef rannsakað listir betur, því gallharðari verð ég á þeirri skoðun.

Jafnvel kemur uppruninn fram í myndum margra strangflatalistamanna og nefni ég hér sem skýr dæmi Hollendinginn Piet Mondrian og Ítalann Alberto Magnelli. Og hér má gjarnan koma fram að þeir jöfrar Joan Miro, Pablo Picasso og Salvador Dali voru allir Katalóníumenn að listrænu uppeldi og töldu sig sækja mikil áhrif til heimaslóða. Míró, sem fæddur var í Barcelona sótti stöðugt á heimaslóðir. Picasso, fæddur í Malaga, en ólst upp í Barcelona, taldi Katalóníu vöggu listar sinnar. Og Dali, sem ólst upp í Barcelona, taldi Katalóníu vöggu listar sinnar. Og Dali, sem fæddur var í fiskiþorpi í Norðaustur Katalóníu, sagði um hina miklu málara frá Katalóníu: „Við komum til Parísar til að segja dálítið af hinum hráa sannleika". Hann var í raun allan tímann barn hinna einangruðu æskuslóða, þótt hann byggi í New York, París og London. Hinar furðulegu formanir í myndum hans eru einmitt sóttar til æskuslóðanna, en klettaformanirnar á ströndinni í nágrenni fiskiþorpsins Cadaques á Ampurdánsléttunum verður að telja í meira lagi súrrealískar. Hér skal þess og einnig getið, að formin í hinni frægu kirkju Antonio Gaudi (f. í Tarragóna) í Barcelona „Sagrada Familia" munu sótt í katalónska náttúru. En okkar ágæti Guðjón Samúelsson var skammaður af íslenzkum núlistaspekingum fyrir að reyna hið sama hér á landi. Veri hann blessaður fyrir það, þótt honum hafi kannski mistekist stundum, því að nógu stórbrotna hluti gerði hann samt. Þetta segi ég hér vegna þess, að það gengur einfaldlega ekki, að íslenzkir myndlistarmenn, sem eiga að föðurlandi eitthvað myndrænasta og undursamlegasta land veraldar, fjölbreytt af andstæðum og ríkt af margbreytilegum formunum, og síkvikulum litatilbrigðum í lofti og gróandi, sæki ekki fyrst og fremst í myndsköpun sinni í þá ótæmandi fjársjóði, er skaparinn gaf þeim af svo miklu örlæti. Það gengur ei heldur, að talað skuli með lítilsvirðingu um það af ýmsum fræðingum, er íslenskir myndlistarmenn sækja beint og meðvitað til náttúrunnar í hlutlægri sem óhlutlægri myndsköpun, því að erlendum er einmitt talið það til tekna og jafnvel í hinu hreina málverki, „peinture pura". Það var og t.d. af nokkrum miskilningi byggt á sínum tíma, að myndir Svavars Guðnasonar væru fullkomlega sjálfsprottnar lita- og formatilraunir, því að uppruni hans skín í gegn í þeim flestum, svo sem löngu hafa verið færð rök fyrir. Hin einangraða sveit, hins blíðlega undirlendis, en í skjóli voldugs Vatnajökuls, — hrikalegs nágrennis stórfljóta og skriðjökla. Uppruninn leynir sér þannig aldrei í verkum góðra listamanna, þótt ekki séu þeir að kortleggja sveitasæluna í verkum sínum. En menn skyldu ekki afneita upprunanum og leggja hann að fótskör heimslistarinnar (sem telst jafnan hin viðurkennda markaðslist á hverjum tíma í New York, París, Köln og annars staðar, þar sem heimsgalleríin eru staðsett) heldur auðga heimslistina með vitundinni um hann.

Hér er enginn að biðja um kortagerð af landinu og sögufrægum slóðum, því að jafnvel þúfu- og klessulaga formið og græn litbrigðin í nýlögðum kúaskít úti í guðs grænni náttúrunni hlýtur að snerta fegurðarskyn hvers sanns málara. Guðsmaðurinn, Jóhann heitinn Hannesson, sem hafði gert víðreist og m.a. verið trúboði í Kína um árabil, taldi það einn hinn fegursta lit jarðar.

Auðvitað eigum við að segja miklar fréttir, en þær verða aldrei að íslenskri núlist nema þær séu sprottnar upp af íslenzkum jarðvegi og af djúpri íslenzkri kennd og vitund, og hér eru öll stílbrögð listarinnar gjaldgeng, svo fremi að þau beri svipmót gerandans og beri vott um sannheil og upprunaleg átök við efniviðinn.

Hér vek ég einnig athygli á því, að núlistamenn eins og Nína Tryggvadóttir var komin í listræna einangrun í New York þegar árið 1963, vegna þess að auglýsingaskrumið og fégræðgin í listkaupmönnum í þessu höfuðvígi kapítalismans var orðið svo mikil til hags fyrir þau sjónarmið, sem hinir róttæku SÚM-listamenn tóku einmitt upp á arma sér hér upp á Íslandi. Gremja Nínu og félaga í listinni yfir þessum skyndilegu sinnaskiptum var því mjög skiljanleg, og lítill drengskapur að ata slíka auri til framdráttar nýviðhorfunum. Menn áttuðu sig einfaldlega ekki á því strax, um hve mikla uppstokkun gilda var að ræða í listinni og hún kom beint frá listamönnunum sjálfum og var mjög í samræmi við umhverfi þeirra og tímana, sem við lifum á — neyzluþjóðfélagið.

— Við þurfum vissulega ekki stöðugt að vera að sanna það fyrir umheiminum, að við séum ekki eskimóar með því að sækja allt til útlendra, en einmitt með því staðfestum við vanmáttarkennd og útnesjamenzku. Og ég tel mig sístan talsmann útnesjamenzku í listum hér á landi. Það var og er kominn tími til að vinna úr núlistum heimsins og reynast gefendur en ekki einungis þiggjendur og ágengir fréttaritarar. Þessar hugleiðingar eru settar fram vegna þess, að fæst af því, sem getur að líta á Súm-sýningunni að Kjarvalsstöðum, höfðar til mín sem rismikil íslensk listsköpun með skírskotun til íslenzks veruleika og um leið í tengslum við heimslistina, en allt það sem svo gerir á henni þykir mér hins vegar rísa hæst.

Það sem af ber á sýningunni og lengst mun lifa er sjálf sýningarskráin, sem er ágætlega úr garði gerð og viðtölin hin fróðlegustu, þótt ekki séu þau tæmandi og oft skorti á, að rétt sé farið með staðreyndir. En hér nenni ég engan veginn að fara í sparðatíning.

Merkileg finnst mér þó óneitanlega, að hvergi er minnst á fyrstu umsvif þeirra bræðra Kristjáns og Sigurðar Guðmundssona í núlistum, sem var stofnun og rekstur sýning-

---

**Um mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar 3:**

# Friðhelgi einkalífs og tjáningafrelsi

*eftir Birgi Ísl. Gunnarsson*

Í 66. gr. stjórnarskrárinnar er fjallað um friðhelgi einkalífs. Þar segir: „Heimilið er friðheilagt. Ekki má gera húsleit né kyrrsetja bréf og önnur skjöl og rannsaka þau *nema eftir dómsúrskurði eða eftir* sérstakri lagaheimild." Þetta ákvæði verður að teljast ófullkomið eins og það er orðað.

### Víðtækari vernd nauðsynleg

Í því felst t.d. að lögreglumönnum er bannað að leita á heimili manns eða í öðrum einkavistarverum, t.d. vinnustað, án þess að fyrir liggi sérstakur dómsúrskurður eða sérstakar heimildir séu fyrir hendi í lögum. Dæmi um slík lög eru tollalög (leit að smyglvarningi) eða áfengislög (leit að ólögmætu áfengi).

Það er hins vegar hægt að rjúfa friðhelgi einkalífsins á ýmsan annan hátt en tilgreint er í þessari grein stjórnarskrárinnar. Hvað með símahleranir? Í nútímaþjóðfélagi tíðkast símahleranir af ýmsu tagi. Ekkert ákvæði er í okkar stjórnarskrá, sem verndar þennan þátt í einkalífi manna. Sama má segja um bréfleynd. Um hana vantar einnig ákvæði í stjórnarskrá.


**„Hæstiréttur hafði slegið því föstu að það væri ekki andstætt 72. gr. stjórnarskrárinnar að takmarka rétt manna til útvarps með þeim hætti sem gert var í eldri útvarpslögum. Það er því nauðsynlegt að setja í stjórnarskrá ákvæði sem komi í veg fyrir að Alþingi afhendi ríkinu aftur einkarétt til útvarps og jafnframt að tryggja að ekki séu í lögum lagðar óeðlilegar hömlur á útvarpsrekstur og að tryggja jafnræði þeirra, sem slíkan rekstur hafa með höndum."**

Margvíslegar upplýsingar um einkahagi manna eru nú geymdar í tölvum hjá ýmsum stofnunum. Það eru mikilvæg réttindi fyrir hvern borgara að upplýsingar, sem þannig eru geymdar berist ekki út. Um þetta efni hefur verið sett löggjöf á Íslandi, en réttindi borgaranna í þessu efni eru ekki varin í stjórnarskránni.

Það er því nauðsynlegt að breyta ákvæðum núverandi stjórnarskrár og gera þar viðbætur, þannig að einkalíf manna í víðtækum skilningi njóti verndar. Í tillögum stjórnarskrárnefndar frá 1983 var gerð um það tillaga.

### Tjáningarfrelsi

Er tjáningarfrelsi tryggt í íslensku stjórnarskránni? Ég reikna með að flestir myndu svara þeirri spurningu játandi, ef henni væri beint til þeirra. Svo ríkt er það í Íslendingum að rétturinn til að tjá sig sé einn af hornsteinum lýðræðisins að flestir telja þennan rétt virtan í stjórnarskránni.



Birgir Ísl. Gunnarsson

Um þetta fjallar 72. gr. stjórnarskrárinnar. Þar segir: „Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; Þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða." Eins og orðalag þessarar greinar ber með sér felur hún í sér prentfrelsi, þ.e. menn eiga rétt á að láta í ljós hugsanir sínar **á prenti.** Þegar þetta ákvæði var samið var prentið áhrifaríkasta birtingaraðferðin. Vafalaust má víkka túlkun orðsins þannig að það nái einnig til skyldra birtingaraðferða, t.d. fjölritunar eða ljósprentunar.

### Fjölbreytt tjáningarfrelsi

Þegar þetta ákvæði var samið sáu menn ekki fyrir að hin öra tækniþróun gerði mönnum kleift að láta hugsanir sínar í ljós á ýmsan annan hátt. Nú geta menn komið hugsunum sínum á framfæri í gegnum hljóðvarp og sjónvarp eða með tölvum og hvers konar fjarskiptum eða með gerð kvikmynda, svo að eitthvað sé nefnt. Tjáningarfrelsi af þessu tagi er ekki verndað af íslensku stjórnarskránni.

Um þetta var fjallað í stjórnarskrárnefndinni 1983 og í tillögum nefndarinnar var ákvæðið gert víðtækara með þessu orðalagi: „Virða ber skoðanafrelsi manna. Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar. Þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða." Það er auðvitað til bóta að víkka ákvæðið út á þennan hátt. Ég tel hins vegar að hér sé ekki nóg að gert.

Eftir að tillögur þessar voru settar fram hefur Alþingi sett lög sem afnámu einkarétt Ríkisútvarpsins til sjónvarps- og hljóðvarpssendinga. Hæstiréttur hafði slegið því föstu að það væri ekki andstætt 72. gr. stjórnarskrárinnar að takmarka rétt manna til útvarps með þeim hætti sem gert var í eldri útvarpslögum. Það er því nauðsynlegt að setja í stjórnarskrá ákvæði sem komi í veg fyrir að Alþingi afhendi ríkinu aftur einkarétt til útvarps og jafnframt að tryggja að ekki séu í lögum lagðar óeðlilegar hömlur á útvarpsrekstur og að tryggja jafnræði þeirra, sem slíkan rekstur hafa með höndum.

---

*Höfundur er einn af alþingismönnum Sjálfstæðisflokks fyrir Reykjavíkurkjördæmi.*